

Tilvísun í mál: UMH23110024

Sæl Sigrún,

Vísað er til tölvupóst frá 7.11.23 þar sem óskað er eftir afstöðu umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins til erinda sem borist hafa fjárlaganefnd. Um er að ræða erindi frá tveimur aðilum; Hollvinafélagi Kvíabekkjarkirkju í Ólafsfirði og Fornminjanefnd vegna Fornminjasjóðs.

Varðandi erindi Hollvinafélags Kvíabekkjarkirkju þá tekur ráðuneytið ekki afstöðu til viðgerða á einstökum kirkjubyggingum en bendir á að eftir atvikum getur Hollvinafélagið sótt um styrki til Húsfriðunarsjóðs en skv. lögum er hlutverk sjóðanna skilgreint með eftirfarandi hætti:

*Húsfriðunarsjóður hefur það hlutverk að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja. Sjóðurinn veitir styrki til viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum. Sjóðnum er einnig heimilt að veita styrki til viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.*

Varðandi erindi Fornminjanefndar vegna Fornminjasjóðs þá er rétt að taka fram að lækkun fjárveitinga Fornminjasjóðs milli ára skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2024 skýrist af eftirfarandi:

1. Tímabundin fjárveiting upp á 35 m.kr. sem ætluð var til að styrkja sjóðinn árið 2023 fellur niður.
2. Tímabundin fjárveiting upp á 20 m.kr. í kjölfar COVID fellur niður.
3. Tímabundin fjárveiting upp á 2,5 m.kr. Arnarfjörður á miðöldum, fornleifauppgróftur að Auðkúlu, fellur niður.
4. Almenn aðhaldskrafa upp á 3,3 m.kr.

Framlag til Fornminjasjóðs skýrist af framangreindu.

Með kveðju,